

## Fundargerð

### Aðalfundur foreldrafélags

24.5.2022 kl 18:00

Fundarstjóri og ritari Sigríður Þrúður Stefánsdóttir

Fundurinn hófst á opnum skólaráðsfundi skólastjóra og kynningu á stöðu byggingar nýs Kársnesskóla. Að þeim fundi loknum hófst aðalfundur foreldrafélagsins.

**Opinn skólaráðsfundur:** Björg Baldursdóttir, skólastjóri fór yfir fjárhagsstöðu og rekstur skólans.

Niðurstöður kannana:

- Skólapúlsinn – innra mat skólans. Skýrsla birt á heimasíðu skólans í ágúst. Heilt yfir eru niðurstöður mjög góðar.
- Nemendaráð starfar á öllum skólastigum.
- Margvíslegar kannanir: starfsmannasamtöl, viðhorfskannanir, tengsla- og eineltiskannanir o.fl.

Fjölgun starfsfólks og nemenda á næsta ári – þröngt verður í núverandi húsnæði.

Góðgerðardagurinn – gekk mjög vel – foreldrum, kennurum og nemendum þakkað gott samstarf.

Grænfáninn – unnið að því í vetur og farið á námskeið um sjálfbærni.

Vinnutímastytting kennara – nýtt ákvæði í kjarasamningum. Tillögur kynntar en flókin útfærsla. Tekur gildi n.k. haust.

### Nýr Kársnesskóli – kynning á stöðu

- Dýrasta framkvæmd sem Kópavogsbær hefur ráðist í.
- Verkið er 3,5 mánuðum eftir verkáætlun. Komin ný áætlun með lokadagsetningu 15.maí 2023. Raunhæft að mati skólastjóra að skólinn opni haustið 2023.
- Það þarf að endurskoða rýmin m.t.t. nemendasamsetningar í dag – stór árgangur að byrja í skólanum í haust.
- Kársnesskóli var rifinn 2017 og hönnun hófst svo eitthvað hefur breyst og þarf að endurskoða núna. Mögulega þarf að endurskoða frístundasvæðið t.a.m.
- Fyrsta skiptið sem leik – og grunnskóli verður samrekinn í Kópavogi og það þarf að huga að ýmsu t.d. nýju skóladagatali með þetta í huga.
- Skólastjóri sýndi myndir af fyrirhugðum skóla.

## Skýrsla formanns um starf stjórnar foreldrafélags Kársnesskóla.

Formaður stjórnar er Kristjana Hildur Kristjánsdóttir, 8 manns hafa setið í stjórn – reglulegir fundir yfir veturinn

Fastir viðburðir

- Jólafondur féll niður í ár vegna fjöldatakmarkana. Fengnir jólasveinar í heimsókn á yngsta stig í staðinn að taka þátt jólaskemmtun á vegum skólans.
- Vorhátíð/Góðgerðardagur – mikil ánægja með hvernig tókst til. Foreldrafélagið lagði til þrjú leiktæki. Ágóði rennur til Unicef.
- Fræðsla: Erlendur skólasálfræðingur með vefkaffi, Dale Carnegie og Heimili og skóli með vinnustofur um foreldrahlutverk og jákvæði samskipti á heimilum. Veffræðsla hefur reynst vel.
- Foreldrarölt – þykir mikilvægt og hefur forvarnargildi. Elsta stigs foreldrar sjá um skipulagið. Hefði mátt ganga betur að manna sl. vetur.
- Bekkjarfulltrúar: Gekk mjög vel að manna, bekkjarstarf hefur gengið mjög vel.
- Samkóp: samstarf foreldrafélaga í Kópavogi. Verið sameiginleg fræðsla, umræður, stuðningur við foreldra og samstarf við menntasvið Kópavogs.
- Bekkjarstyrkir – foreldrar hvattir til að sækja um og nýta sér styrkina
- Rútustyrkir: 7.9. og 10.bekkur
- Gjafir til skólans – foreldrafélagið hefur eyrnamerkt fjármagn til að kaupa taflborð fyrir skólann. Þau hafa ekki verið til og því ekki búið að kaupa.
- Minnt á facebook síðu félagsins þar sem upplýsingum og áhugaverðum atburðum er dreift.
- Sérstakar þakkir til Sigríðar Þrúðar Stefánsdóttur, sem nú hættir í stjórn félagsins þar sem eftir skólaárið í ár á hún ekki barn í Kársnesskóla. Hefur verið í stjórn foreldrafélagsins í 8 ár og þar af formaður í 5 ár. Einnig færði núverandi formaður Önnu Rós Sigmundsdóttur þakkir fyrir formennsku í félaginu sl. ár.

Önnur mál

Umræða um samskiptamiðla:

- Ekki allir á facebook, ekki allir sem fá tölvupóst í gegnum Mentor – foreldrafélagið hefur ekki aðgang að því að senda á alla.
- Halda þarf áfram að leita bestu leiða til að ná til allra foreldra. Foreldrar hvattir til að halda umræðu um foreldrastarfið á lofti sem einn lið í því.

## Skýrsla gjaldkera og ársreikningur

Gjaldkeri er Stefanía Jóna Nielsen.

- Vegna góðrar fjárhagsstöðu félagsins var ákveðið að innheimta ekki félagsgjöld fyrir skólaárið 2021-2022. Annars eru félagsgjöld kr. 3000 á barn (sent á annað foreldri) er valkvæð krafa. Því voru engar tekjur af félagsgjöldum. Jólaföndur féll niður og því engar tekjur af jólaföndri.
- Útgjöld samtals kr. 666.408, rútustyrkir, bekkjarstyrkir, jólasveinar, vorhátíð, annað. Gert ráð fyrir kostnað í taflborð, kr. 307 þúsund. Fjármagnið ennþá eyrnamerkt skólanum. Taflborð keypt fyrir umfram fjármagn á síðasta ári. Eftir munu standa kr. 307.600 þegar taflborð hafa verið keypt.
- Vegna covid hafa viðburðir verið færri á vegum foreldrafélagsins og því minni kostnaður.
- **Önnur mál:** hvort það séu forsendur fyrir bekkjarstyrkjum. Skoða af næstu stjórn. Meira spurt um rútustyrki heldur en bekkjarstyrki.
  - Máli vísað til nýrrar stjórnar að skoða hvort forsendur séu fyrir að hækka rútustyrki eða bekkjarstyrki. Skoða í ljósi þess hvað kemur inn af félagsgjöldum.

## Kosning stjórnar

Þrír fulltrúar hætta í stjórn.

- Jóhannes Hlynur Hauksson
- Sigríður Prúður Stefánsdóttir
- Stefanía Jóna Nielsen

Áframhaldandi í stjórn:

- Aðalsteinn Möller
- Helga Guðný Sigurðardóttir
- Kristjana Hildur Kristjánsdóttir
- Ragna Finnbogadóttir
- Rikke Pedersen

Á fundinum voru kosnir fjórir nýir.

- Aldís Rún Lárusdóttir
- Indriði Ingi Stefánsson
- Súsanna Pétursdóttir
- Þórleif Kristín Hauksdóttir

- Ný stjórn skiptir með sér verkum.
- Fjóla Borg Svavarsdóttir –gefur kost á sér til að halda áfram utan um foreldraröltið

#### **Kosning fulltrúa foreldra í skólaráð**

- Fjóla Borg Svavarsdóttir.

Ný stjórn skipar fulltrúa stjórnar í Skólaráð.

#### **Kosning skoðunarmaður ársreikninga**

- Róbert Örvar Ferdinandsson [robert@fa.is](mailto:robert@fa.is)

#### **Önnur mál**

- Hvort það sé einhver stórmeistari sem getur komið og teflt við krakkana
  - Fram kom að í hverfinu búi tveir fyrrum stórmeistarar, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir og Helgi Ólafsson. Ræða mætti við þau. Einnig lagt til að auglýsa meðal foreldra hvort einhver sé tilbúinn til að leiðbeina krökkunum.
  - Málinu vísað til stjórnar til frekari útfærslu.

Fundið slitið 19:15